

2. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 7. – 8. nóvember í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Birgir Már Bragason (BMB), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG)

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, Einar Þ. Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri.

Formaður setti fund kl. 17:04

Áður en gengið var til dagskrár undirrituðu allir stjórnarmenn eyðublöð til Skattsins um breytingar á stjórn og raunverulega eigendur, auk heimildar UMFÍ til að afla sakavottorðs stjórnarmanna.

1. Kynning á starfsemi UMFÍ

- Starfsfólk UMFÍ kynnti starfsemina fyrir stjórninni. Undir þessum lið sátu fundinn Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Guðmundsson, Elísabet Hrunn Salvarsdóttir, Aldís Baldursdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

2. Skipan stjórnar og nefnda

- JSI lagði til eftirfarandi verkaskiptingu: SBG varaformaður, MSH gjaldkeri og SÓJ ritari. Í framkvæmdastjórn yrði HSH formaður. Auk hans yrðu í framkvæmdastjórn HMJ og GSS. JSI til vara.
 - Stjórn samþykkir tillögu formanns
- Farið yfir tillögu að nefndaskipan. Nefndir og staðfestir fulltrúar:
 - Fjárhags- og greiningarnefnd - Starfsmaður: Einar Þ. Eyjólfsson
 - MSH formaður, BMB.
 - Fræðslunefnd - Starfsmenn: Aldís Baldursdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir
 - SBG formaður, GSS, BMB.

- Móta- og viðburðanefnd - Starfsmaður: Ómar Bragi Stefánsson
 - HSH formaður, SÓJ, RH, SES.
- Laganefnd - Starfsmenn: AIP og EPE
 - MSH formaður, RH.
- Útgáfu- og kynningarnefnd – Starfsmenn: Aldís Baldursdóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.
 - SBG formaður, SES.
- Skólabúðanefnd - Starfsmaður: Sigurður Guðmundsson
 - GSS formaður, SES.
- Upplýsingatækninefnd - Starfsmaður: Elísabet Hrund Salvarsdóttir
 - HMJ formaður, GP.G.
- Ungmennaráð - Starfsmenn: Aldís Baldursdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir
 - HMJ tengiliður stjórnar við ráðið.
- Úthlutunarnefnd sjóða - Starfsmaður: EPE
 - SÓJ formaður, GP.G. JSI til vara.
- Þraskógarnefnd - Starfsmaður: EPE
 - RH formaður, HSH.

Í fundarhléi fóru fulltrúar stjórnar í nefndunum yfir sín erindisbréf.

3. Sambandsþing

- Farið yfir helstu mál frá nýafstöðnu sambandsþingi.

4. Reglur og áætlanir

- Farið yfir helstu reglur og áætlanir sem UMFÍ fer eftir. Stjórn staðfestir siðareglur, starfsreglur og reglur um ferðakostnað.

5. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir stöðu mála frá síðasta fundi.
- Íslensk Getspá hefur ákveðið að greiða út 600.000.000 kr. arð til eigenda sinna. Hlutur UMFÍ í því er 79.980.000 kr. sem verður greiddur út í samræmi við lottóreglugerð.
- Framkvæmdastjóra falið að koma þökkum á framfæri við stjórn og starfsfólk Íslenskrar Getspár.

6. Fjármál

- Uppgjör fyrstu níu mánaða ársins 2025 lagt fram til kynningar.
- Uppgjör á mótum er komið inn, tekjur eru hærri og kostnaður lægri, afkoma móta er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Búið er að ganga frá uppgjöri við mótshaldara.
- Gildandi samningur um þóknun til formanns kynntur – JSI vék af fundi. SBG tók við fundarstjórn. Stjórn samþykkir óbreyttan samning.

Fundi frestað kl. 21:10.

Fundi fram haldið laugardaginn 8. nóvember kl. 9:30, þar sem stjórnin hóf fundinn á að mæta á setningu Allir með leikanna í Laugardalshöll. HMJ, BMB og EÐE viku af fundi. JSI kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

7. Svæðisstöðvar

- Stjórnarfolk hefur undanfarnar vikur rætt við stjórnendur flestra íþróttahéraða og starfsfolk svæðisstöðvanna um starfsemina. Umræður um helstu niðurstöður samtalanna.

EÐE kom aftur á fundinn kl. 12:55

8. Nefndarstarf og verkefni

- Rætt um ráðstefnu ISCA sem hluti stjórnar sótti í lok október.

9. Aðsend og útsend bréf

- Boðskort á afhendingu hvatningarverðlauna á Degi gegn einelti.
- Upplýsingar varðandi veðmálaumræðu.

10. Björgunarpakki

- Farið yfir kynningu sem búið var að kynna á fundum með fulltrúum sambandsaðila á tveimur fundum í vikunni.
- Eftirfarandi tillaga, frá Victori Inga Olsen, rekstrarstjóra UMSK, lögð fram til umræðu í stjórn:
 - *Ég legg til að stjórn UMFÍ verði falið að taka við rökstuddum umsóknum frá sambandsaðilum, leggja heildstætt mat á þau áhrif sem breytt lottóskipting hefur haft á viðkomandi héraðssamband sem ekki verður brúað með vinnuframlagi svæðisfulltrúa og styrkja þau með tímabundnu framlagi.*
- Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir umsóknum frá sambandsaðilum í rekstrarstuðning vegna skerðinga sem komið hafa til á beinum greiðslum til íþróttahéraða vegna breytinga á lottóreglugerðum UMFÍ og ÍSÍ.

11. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Drög að þinggerð 54. Sambandsþings UMFÍ – afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 1. fundargerð stjórnar

12. Fundir og ferðir

- 14.10.'25 - Fundur með velferðarvakt stjórnvalda. AIP mætti

- 28.10.'25 - Fundur með ÍSÍ. JSI og AIP mættu.
- 30.10.'25 - Stjórnarfundur getrauna. AIP mætti
- 29.-31.10.'25 - Ráðstefna ISCA í Kaupmannahöfn. Fulltrúar stjórnar og starfsfólks mættu.
- 1.11.'25 - Aðalfundur ISCA í Kaupmannahöfn. JSI og AIP mættu.
- 1.11.'25 - Ársfundur DGI í Kaupmannahöfn. JSI og AIP mættu.
- 3.11.'25 - Fundur með Mennta- og barnamálaráðuneyti vegna íþróttastefnu. JSI og AIP mættu.
- 4.11.'25 - Fundur með sambandsaðilum vegna björgunarpakka í framhaldi af sambandsþingi. JSI, GSS, SBG, MSH, AIP og EÞE mættu.
- 5.11.'25 - Fundur með sambandsaðilum vegna björgunarpakka í framhaldi af sambandsþingi. JSI, GSS, SBG, MSH, AIP og EÞE mættu.
- 5.11.'25 - Stjórnarfundur hjá Íslenskri Getspá. JSI mætti.
- 8.11.'25 - Stjórn UMFÍ mætti á setningu Allir með leikanna og undirritun viljayfirlýsingar um áframhald verkefnisins.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 16:00
SÓJ ritaði fundargerð